

Ed.

281. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellst á efni frumvarps þessa, en þótti réttara að sameina í eina heild og samræma alla þá viðauka, sem gerðir hafa verið á prentsmiðjulögnum, en þeir eru eigi færri en 5 á undan þessu frv.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

2. gr. laganna skal orða svo:

Öllum þeim prentsmiðjum, sem nú eru á landi hér eða síðar kunna að verða settar á stofn, er skylt að láta eftirtöldum söfnum ókeypis í té prentað mál sem hér segir:

I. Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn hvoru um sig 2 eintök af hverju því, sem prentað er í prentsmiðjunum, stóru og smáu, svo og af endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og rit-söfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír.

II. Háskólabókasafninu í Reykjavík 1 eintak af hverju því prentmáli, er getur í I. lið, og skal pappírsgæðunum svo háttáð, að eigi séu önnur eintök rits-ins eða ritlingsins prentuð á betri pappír.

III. Eftirtöldum bókasöfnum 1 eintak hverju af þeim ritlingum, bókum og tíma-ritum, sem prentsmiðjurnar prenta og tveim örkum eru stærri:

Amtsbókasafni Norðlendingafjórðungs, amtsbókasafni Ausfirðingafjórðungs, amtsbókasafni Vestfirðingafjórðungs, bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar, amtsbókasafni Færeyja, háskólabókasafninu í Winnipeg.

Undanskilið er allt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

IV. Þjóðskjalasafninu 1 eintak af öllum þeim timaritum og blöðum, sem prentsmiðjurnar prenta og út eru gefin einu sinni á mánuði eða oftar.

Hver prentsmiðja skal senda tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuðum, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá um það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til safnanna.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 25—2000 kr., ef eigi er bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það.

Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda landsbókaverði skrá um allt það, smátt og stórt, sem prentað hefur verið í þeim á árinu.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30 13. sept. 1901, lög nr. 80 22. nóv. 1907, lög nr. 43 30. júlí 1909, lög nr. 29 7. maí 1928 og lög nr. 18 12. júní 1939.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Jónas Jónsson,
form.

Árni Jónsson,
fundaskr., frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.